

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 324/2008 falla úr gildi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 884/2005 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað texta liðar 56r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005) í XIII. viðauka við samninginn:

„**32008 R 0324**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar (Stjtið. ESB L 98, 10.4.2008, bls. 5).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 3. mgr. 5. gr.:

„Við eftirlit er framkvæmdastjórninni heimilt að kalla til úttektarmenn einstakra landa samkvæmt skrám EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA að kalla til úttektarmenn einstakra landa samkvæmt skrám aðildarríkja Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að bjóða hvor annarri þátttöku í eftirliti sem athuganda.“““

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 98, 10.4.2008, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 148, 11.6.2005, bls. 25.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 324/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.